

# Fingrapula



Þumalfingur er mamma sem var mér vænst og best.  
Vísifingur er pabbi sem gaf mér rauðan hest.  
Langatöng er bróðir sem býr til falleg gull.  
Baugfingur er systir sem þrjónar sokka úr ull.  
Litlifingur er barnið sem leikur sér að skel.  
Litli þínu anginn sem dafnar svo vel.  
Hér er allt fólkið svo fallett og nett.  
Fimm eru á bænum ef talið er rétt.  
Ósköp væri gaman hér í þessum heim,  
ef öllum kæmi saman eins vel og þeim.

## Verkefni – hvernig á að vinna með þuluna

Þið eruð að vinna með þema um líkamann á deild fyrir 3-6 ára börn. Einn liður í því er að kenna börnunum þuluna hér fyrir ofan. Ræðið og skrifið niður:

- Hvernig ætlið þið að kenna börnunum þuluna?
- Hvaða efnivið ætlið þið að nota til þess?
- Hvaða orð úr þulunni ætlið þið að velja og vinna með sérstaklega?
- Hvernig ætlið þið að vinna með þessi orð?
- Hvað ætlið þið að gera til að tengja orðin í þulunni við móðurmál barnanna?
- Hvaða námssvið getið þið tengt inn í vinnuna með þuluna? (Læsi og samskipti, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning?)
- Hvaða leiðir ætlið þið að nota til að skrá niður lærdómsferli barnanna í hópnum og hvernig ætlið þið að koma því á framfæri?